

Fundargerð

198. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn mánudaginn 5. febrúar 2018 kl. 13.30 á Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar var borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**

2. **Samþykkt um fráveitumál í Norðurþingi.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti drög að samþykkt um fráveitumál í Norðurþingi. Í samþykktinni eru ákveðin mörk um forhreinsun á skólpi. Heilbrigðisnefnd mælist til þess að sett verði í samþykktina bann við notkun á sorpkvörnun og gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við samþykktina.

3. **Umsókn um heimild til tilrauna með klóríblöndun í kælivatnsrás Þeistareykjavirkjunar.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti málið. Landsvirkjun mun skila skýrslu til heilbrigðisfulltrúa um niðurstöður tilraunar. Heilbrigðisnefnd heimilar tilraunina.

4. **Ólögleg starfsemi, fréttatilkynning UST og viðbrögð fjölmiðla – kynning.**

Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá auglýsingum um ólögmæta atvinnustarfsemi á vef- og samfélagsmiðlum, þ.e. ýmis snyrtiþjónusta (naglaásetning, hárgreiðsla og húðflúr) án tilskilinna leyfa. Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra hafa sent frá sér varnaðarorð og leiðbeiningu vegna þessa.

Umsagnir:

1. **Skútustaðahreppur, lýsing: Deiliskipulag smávirkjunar við Dreka.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn.

2. **Umsögn; Framleiðsluaukning N-lax að Laxamýri úr 20 tonnum í 60 tonn.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti málið og hvernig N-lax fyrirhugar er að fara með úrgang sem fellur til vegna aukinnar starfsemi. Starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

3. **Norðurþing, skipulags- og matslýsing vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir athafnasvæði A5-Kringlumýri, Húsavík.**

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti forsögu málsins og skýrði þá stefnubreytingu sem er gerð með nýju skipulagi.

4. Skútustaðahreppur. Drög: Deiliskipulag fyrir Hlíð ferðapjónustu.

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti drög að deiliskipulagi þar sem m.a. kemur fram að gert er ráð fyrir að fjarlægja nokkrar byggingar sem eru orðnar lélegar og erfiðar í viðhaldi.

5. Skútustaðahreppur. Deiliskipulag óskipts lands Voga.

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi skýrði frá deiliskipulagsvinnu á vatnsverndarsvæði sem kallar á undanþágu ráðuneytis vegna áforma um byggingafrankvæmdir á vatnsverndarsvæði.

6. Umhverfisstofnun. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi Rarik ohf. innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn,

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Verkval ehf. kt. 530887-1709, Miðhúsavegur 4, 600 Akureyri, v/flutnings á seyru. **Samþykkt til 12 ára.**
2. Hugrún Ósk Ágústsdóttir kt. 221073-3439, Bárugata 7, 640 Dalvík, fyrir Huggulegar neglur, naglaásetningarstofu á 2. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur. **Samþykkt með til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
3. Blekbær s.f. kt. 680115-0440, Fögruvöllum, 360 Hellissandi, fyrir Studio Dallas, húðflúrstofu á 2. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur. **Samþykkt með til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
4. Súsanna Sigurðardóttir kt. 160582-5379, Drafnarbraut 5, 640 Dalvík, fyrir varanlega förðun (húðflúr) og förðun , á 2. hæð í Ráðhúsi Dalvíkur. **Samþykkt með til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
5. Nanna Hinriksdóttir kt. 111194-2629, Ytra-Garðshorni, 621 Dalvík, fyrir naglaásetningu og förðun á Ílit hár- og snyrtistofu, Sandskeiði 22, 620 Dalvík. **Samþykkt með til 12 ára.**
6. Grétar Örn Ásgeirsson kt. 170780-4439, Munkapverárstræti 40, 600 Akureyri, fyrir Yoga Lund heilsusetur, Viðjulundi, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
7. Litlukrílahlíð kt. 190790-3129, Litluhlíð 4f, 603 Akureyri, v/daggæslu 6-10 barna. **Samþykkt til 12 ára.**
8. Blágrýti ehf kt. 571016-0870, Goðabraut 2, 620 Dalvík, veitingapjónusta/kaffihús undir nafninu šBasalt cafe + Bistroð. **Samþykkt til 12 ára.**

Önnur mál:

-Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði stöðu mála varðandi úrbætur í fráveitumálum í Mývatnssveit

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.33

Guðmundur Smári Gunnarsson

Porkell Björnsson

Hólmfríður G. Jónsdóttir

Pórey Agnarsdóttir

Kristín Halldórsdóttir

María Markúsdóttir